

Ársskýrsla

Félags forstöðumanna ríkisstofnana

2013 - 2014



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana
maí 2014

Inngangur

Eftirfarandi ársskýrslu Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2013 til maí 2014. Frekari upplýsingar um starfsemina er t.d. að finna á heimasíðu félagsins (www.ffr.is), á fésbókarsíðu félagsins (<https://www.facebook.com/forstodumenn>) eða í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

1. Aðalfundur FFR 8. maí 2013

Þann 8. maí 2013 hélt Félag forstöðumanna ríkisstofnana aðalfund sinn á Grand Hótel í Reykjavík og var hann vel sóttur. Á fundinum var Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands endurkjörinn formaður félagsins. Auk hans voru kjörin í stjórn Anna Birna Þráinsdóttir sýslumaður í Vík, Gissur Pétursson forstjóri Vinnu-málastofnunar, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Már Vilhjálmsson skólameistari Menntaskólans við Sund, Sveinn Margeirsson forstjóri Matís, Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri Tryggingastofnunar og Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar.

Í starfskjaranefnd félagsins voru kjörin Steingrímur Ari Arason forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, Kristín Völundardóttir forstjóri Útlendingastofnunar og Indriði H. Þorláksson fyrrverandi forstöðumaður.

Á fundinum var eftirfarandi samþykkt í tilefni af nýju álitum umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar Félags forstöðumanna á starfsháttum kjararáðs :

„Á aðalfundi Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) haldinn 8. maí 2013 hefur verið gerð grein fyrir nýju álitum umboðsmanns Alþingis nr. 6540/2011 í tilefni af kvörtun félagsins frá 14. júlí 2011. Niðurstaðan er áfellingdómur á störf kjararáðs sem m.a. lýsa sér í skorti á fullnægjandi gagnaöflun áður en ákvarðanir eru teknar, töfum í málsmeðferð, ógegnsæjum vinnubrögðum og brotum á stjórnsýslulögum.

Aðalfundurinn felur nýrri stjórn og starfskjaranefnd FFR að fylgja framangreindu álitum eftir og krefja kjararáð um endurupptöku erindis FFR frá árinu 2011. Kjararáði ber að innleiða úrbætur og leiðrétta starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana í samræmi við niðurstöðu umboðsmanns Alþingis.“

2. Störf stjórnar FFR

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé frá júlí-ágúst 2013. Stjórnin hélt alls 11 bókaða stjórnarfundum á starfsárinu auk ýmissa annarra funda sem stjórn eða hluti stjórnar sótti f.h. FFR s.s. með ráðherrum og starfsmönnum ráðuneyta.

3. Félagsfundir FFR á starfsárinu

Tveir félagsfundir voru haldnir hjá FFR á starfsárinu 2013-2014 og voru þeir báðir vel sóttir. Annars vegar var haldinn fundur þann 7. október 2013 á Grand hóteli í Reykjavík þar sem kynnt var nýtt skipulag í efnahags- og fjármálaráðuneytinu og lög og reglur um opinber innkaup. Hinsvegar var haldinn fundur þann 11. febrúar 2014 á Grand Hóteli í Reykjavík þar sem eingöngu var fjallað um stefnu á hendur fjármálaráðherra sem einn félagsmaður hefur sett fram með fullum stuðningi FFR. Samþykkti fundurinn eftirfarandi ályktun:

„Ályktun

fundar Félags forstöðumanna ríkisstofnana haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 11. febrúar 2014

Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) telur kjararáð hafa brotið lög á félagsmönnum og að fullreynt sé að ráðið eigi frumkvæði að nauðsynlegri leiðréttingu á starfskjörum forstöðumanna í samræmi við lög nr. 47/2006 um kjararáð. Lækkun launa forstöðumanna í kjölfar efnahagsshrunsins 2008 var lögum samkvæmt tímabundin aðgerð í tvö ár af hálfu löggjafans. Að þeim tíma loknum bar kjararáði að endurskoða starfskjör forstöðumanna til samræmis við kjör þeirra sem gegna sambærilegum störfum. Kjararáði bar að afturkalla lögboðnu launalækkunina sem gildi til 1. desember 2010 og að endurskoða laun forstöðumanna frá þeim tíma. Með því að draga afturköllun launalækkunarinnar í tíu mánuði eða til 1. október 2011 og neita samtímis að endurskoða starfskjörin með hliðsjón af launaþróun viðmiðunarhópa samkvæmt lögum, braut kjararáð lög.

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands og alþjóðlegum skuldbindingum eru verulegar takmarkanir á því að hægt sé að svipta menn rétti til að semja um starfskjör sín. Forstöðumenn ríkisstofnana þurfa að gangast undir þessa réttindaskerðingu í trausti þess að kjararáð ákvarðaði starfskjör þeirra í samræmi við sett lög. Það hefur ráðið ekki gert. Álit umboðsmanns Alþingis frá 7. maí 2013 er m.a. til vitnis um þá staðhæfingu, svo og þau tilmæli hans að kjararáð taki erindi FFR um starfskjör forstöðumanna fyrir að nýju. Frávísun kjararáðs síðastliðið sumar á ósk FFR um endurupptöku málsins kom í opna skjöldu og lokaði í raun öðrum löglegum leiðum en málshöfðun fyrir félagsmenn sem ekki vilja una óréttinum.

FFR lýsir því yfir fullum stuðningi við fyrirhugaða málshöfðun vegna lögbrota kjararáðs. Einn forstöðumaður mun sækja málið, en FFR lítur svo á að niðurstaðan hafi fordæmisgildi fyrir alla félagsmenn sem gengt hafa starfi forstöðumanns eftir 1. desember 2010. Félagið er jafnframt reiðubúið að standa undir útlögðum kostnaði við málshöfðunina.

Starfsemi og árangur þeirra stofnana sem félagsmenn í FFR veita forstöðu er ekki síst undir því kominn að farið sé að lögum og settum reglum. Félagið getur því ekki setið aðgerðalaust þegar tilmæli umboðsmanns Alþingis eru hunsuð. Kjararáði ber eins og öðrum handhöfum stjórnarsýsluvalds að fara að lögum.“

4. Starfskjaranefnd FFR

Starfskjaranefnd FFR undir forystu Steingríms Ara Arasonar vann að ýmsum verkefnum á starfsárinu sem miða að því að reyna að fá stjórnvöld til að taka upp fagleg, lögleg og gegnsæ vinnubrögð. Mest vinna á starfsárinu fór þó í að undirbúa stefnu vegna meintra lögbrota kjararáðs en sú vinna tengist kvörtun félagsins til umboðsmanns Alþingis frá árinu 2011 sem fjallað verður um síðar í þessari ársskýrslu. Stefnan var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. mars 2014 og rekur Lára V. Júlíusdóttir hrl. málið f.h. FFR en einnig vinnur Hjalti Steinþórsson hrl. að málinu, en hann er fyrrverandi forstöðumaður í FFR.

Þakka ber Steingrími Ara Arasyni, Kristínu Völundardóttur og Indriða H. Þorlákssyni sem eru í Starfskjaranefnd FFR sérstaklega fyrir góð störf í þágu FFR en auk þess er öllum öðrum á vegum FFR þakkað sem komið hafa að vinnu við undirbúning stefnunnar á hendur kjararáði.

5. Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

Félag forstöðumanna ríkisstofnana kvartaði til umboðsmanns Alþingis þann 14. júlí 2011 vegna seinagangs og meintra brota kjararáðs á lögbundnum skyldum þess. Vinna umboðsmanns Alþingis vegna þessarar kvörtunar dróst langt fram úr hófi fram en álitíð var loks birt þann 7. maí 2013. Á síðasta aðalfundi FFR þann 8. maí 2013 fjallaði Steingrímur Ari Arason formaður starfskjaranefndar FFR um álit umboðsmanns Alþingis, en það var afhent formanni FFR síðdegis deginum áður. Álitíð í heild sinni má lesa hér;

<http://www.umbodsmadur.is/ViewCase.aspx?Key=2285&skoda=mal>. Steingrímur Ari dró eftirfarandi aðalatriðið fram í máli sínu um állit umboðsmanns:

- **Kjararáð hefur ekki farið að lögum eftir að ákvæði um launalækkun féllu úr gildi 30. nóvember 2010.**
- **Kjararáð á að taka erindi FFR frá 2011 til meðferðar að nýju.**
- **Kjararáði bar að rannsaka álag og vinnuframlag forstöðumanna.**
- **Kjararáð þarf til framtíðar litið að laga starfshætti sína.**

Í lok aðalfundarins var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Á aðalfundi Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) haldinn 8. maí 2013 hefur verið gerð grein fyrir nýju álit umboðsmanns Alþingis nr. 6540/2011 í tilefni af kvörtun félagsins frá 14. júlí 2011. Niðurstaðan er áfellingisdómur á störf kjararáðs sem m.a. lýsa sér í skorti á fullnægjandi gagnaöflun áður en ákvarðanir eru teknar, töfum í málsmeðferð, ógegnsæjum vinnubrögðum og brotum á stjórnarsýslulögum.

Aðalfundurinn felur nýrri stjórn og starfskjaranefnd FFR að fylgja framangreindu álitni eftir og krefja kjararáð um endurupptöku erindis FFR frá árinu 2011. Kjararáði ber að innleiða úrbætur og leiðrétta starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana í samræmi við niðurstöðu umboðsmanns Alþingis.

Formaður FFR ritaði kjararáði eftirfarandi bréf í beinu framhaldi þann 14. maí 2013:

*”Kjararáð, Svanhildur Kaaber, formaður
Hverfisgötu 6A
101 Reykjavík*

14. maí 2013

Efni: Ósk um endurupptöku erindis Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Með bréfi þessu óskar Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) eftir því að kjararáð taki erindi FFR frá 14. febrúar 2011 til meðferðar að nýju og leysi úr því í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í álitni umboðsmanns Alþingis frá 7. maí 2013 (mál nr. 6540/2011).

Félagið vekur sérstaka athygli á þeim annmörkum sem umboðsmaður Alþingis telur hafa verið á ákvörðun kjararáðs um starfskjör forstöðumanna hinn 21. desember 2011, ekki síst að því er varðar rannsókn á álagi og vinnuframlagi forstöðumanna.

Auk þess sem fram kemur í erindi FFR frá 14. febrúar 2011 vill félagið áréttta þau sjónarmið sem lög hafa verið fyrir kjararáð í framhaldinu, s.s. í minnisblaði starfskjaranefndar félagsins frá 12. júlí 2011, í bréfi FFR til kjararáðs, dags. 11. nóvember 2011, og í minnisblaði sem fulltrúar félagsins lögðu fram á fundi með kjararáði hinn 13. desember 2012.

*Virðingarfyllst
Magnús Guðmundsson, formaður FFR*

Kjararáð svarað erindi FFR með bréfi dagsettu 1. Júlí 2013. Í niðurlagi bréfsins segir eftirfarandi:

Að mati kjararáðs gefur álit umboðsmanns Alþingis frá 7. maí 2013 ekki tilefni til endurupptöku þess máls sem hér er til umfjöllunar. Hvað varðar álit umboðsmanns að öðru leyti mun kjararáð hér eftir sem hingað til leitast við að framfylgja lögum og almennum tilmælum hans um málsmeðferð hjá kjararáði.

Með hliðsjón af framangreindu er ekki fallist á beiðni FFR um að erindi félagsins frá 14. febrúar 2011 verði tekið til meðferðar að nýju.

Jónas Þór Guðmundsson stendur ekki að framangreindri bókun og er ósammála niðurstöðu meirihluta kjararáðs.

Virðingarfyllst,
f.h. kjararáðs



Svanhildur Kaaber, formaður

Það voru mikil vonbrigði að kjararáð skyldi velja þá leið, að fara ekki eftir áliti umboðsmanns Alþingis, en um leið er mjög athyglisvert að ráðið skuli ekki vera sammála um þá niðurstöðu. Í framhaldi vann starfskjaranefnd FFR áfram að því að skoða hvað væri til ráða í stöðunni og var niðurstaðan að leita til dómsstóla vegna meintra lögbrot kjararáðs eins og að framan er lýst.

6. Starfsumhverfi og kjör forstöðumanna

Starfshópur um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna skilaði ráðherra tillögum í apríl 2012 og voru þær kynntar á morgunverðarfundi sem var haldinn þann 25. apríl 2012. Tillögurnar gera ráð fyrir nokkuð viðamiklum breytingum á því ferli sem er viðhaft við ráðningu, mat á árangri og hæfni, launasetningu og starfslokum forstöðumanna ríkisstofnana á Íslandi. Í stórum dráttum snúast tillögurnar um að koma framangreindum ferlum í mun faglegru farveg heldur en viðgengist hefur í íslenski stjórnáætlun um árabíl. Skýrt kom fram hjá fjármálaráðherra að haldið verður áfram að vinna að því að útfæra tillögur vinnuhópsins með það að markmið að koma þeim í framkvæmd, annað hvort óbreyttum eða með breytingum.

Þrátt fyrir ítrekaða fundi og beiðnir frá FFR með ráðherrum og embættismönnum í efnahags- og fjármálaráðuneytinu um að hafist verði handa við að vinna því að koma framangreindum tillögum starfshóps um starfsumhverfis forstöðumanna ríkisstofnana í framkvæmd hefur fátt gerst í þeim efnunum sem er miður. Það sem þó hefur gerist er að eftirfarandi texta má finna í fjárlögum ársins 2014 en óljóst er hvernig standa skal af því að uppfylla það sem þar stendur:

„4.3.5 Starfsskilyrði og ábyrgð forstöðumanna

Huga verður sérstaklega að málefnum forstöðumanna og annarra æðstu stjórnenda. Styrkja þarf forstöðumenn sem liðsheild, efla starfsþróun þeirra og auka hreyfanleika í ríkiskerfinu. Full ástæða er til að leita leiða til að finna ákvörðun um laun nýjan farveg og leggja í því samhengi aukna áherslu á frammistöðu og ábyrgð forstöðumanna.

- *Lagaákvæði um forstöðumenn og aðra æðstu stjórnendur verði endurskoðuð og samræmd, meðal annars ákvæði um stjórnunarumboð og ábyrgð, fyrirkomulag ráðninga, starfsþróun og hreyfanleika í ríkiskerfinu*
- *Aðferðir við að ákveða laun forstöðumanna verði endurskoðaðar og aukin áhersla lögð á frammistöðu og ábyrgð.*“

Af framanrituðu er ljóst að forstöðumenn ríkisstofnana og FFR þurfa að fylgjast vel með á næstunni og taka þátt í umræðunni eins og hægt er um framtíð opinberrar þjónustu. Ekki síst er mikilvægt að standa vörð um þann mikla mannauð sem liggur hjá starfsmönnum og stjórnendum opinberra stofnana sem sinna störfum sínum af dugnaði og auðmýkt, oft án þess að eftir því sé tekið í samfélaginu nema þegar eitthvað bjátar á.


7. Nefnd um málefnalegar skýribreytur við greiningu á launamun kynjanna

Félag forstöðumanna ríkisstofnana átti tvo fulltrúa í nefnd um málefnalegar skýribreytur við greiningu á launamun kynjanna, þau Mát Vilhjálmsson og Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur. Verkefni nefndarinnar var að fara yfir skráningu upplýsinga í launakerfi ríkisins og skilgreina hvaða skýribreytur teljast málefnalegar varðandi launamun kynjanna, en einnig var fjallað um formgerð og uppbyggingu kjarasamninga, leiðbeiningar til að bregðast við kynbundnum launamun og kynna jafnlaunastaðal. Skýrslu nefndarinnar er að finna á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins: http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Malefnalegar_skyribreytur.pdf


8. Stefnunótun fyrir FFR

Fulltrúar í stjórn og starfskjaranefnd FFR unni að því á síðasta starfsári að leggja meginlínurnar í stefnumótun fyrir félagið. Kristín Linda Árnadóttir og Sveinn Margeirsson sem bæði eru í stjórn FFR undirbjuggu sérstakan stefnumótunarfund sem var haldinn þann 18. desember 2013. Helstu niðurstöðurnar voru eftirfarandi:

Gildi



Markmið inn á við



9. Málþing og námskeið starfsárið 2012-2013

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands var aðalsamstarfsaðili FFR við að skipuleggja og kynna málþing og námskeið á starfsárinu, eins og undanfarin ár. Fleiri störfuðu með FFR og má þar helst nefna efnahags- og fjármálaráðuneytið, Ríkisendurskoðun, Rannís, forsætisráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöð. Málþing og námskeið voru almennt vel sótt. Frá maí 2013 til apríl 2014 héldu FFR og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála **alls 8 morgunverðarfundum auk ýmissa námskeiða fyrir stjórnendur ríkisstofnana**. Frekari upplýsingar um morgunverðarfundum síðasta starfsárs eru í viðauka með ársskýrslunni.

10. Heimasíðan og fésbókin

FFR rekur heimasíðu (www.ffr.is) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Einnig rekur FFR síðu á samskiptavefnum Facebook til að miðla upplýsingum. Slóðin á síðuna er: <http://www.facebook.com/forstodumenn>

11. Lokaorð

Starf stjórnar og starfskjaranefndar FFR var annasamt á síðasta starfsári eins og mörg undanfarin ár. Forysta félagsins er skipuð afar samhentum hópi forstöðumanna sem eru tilbúin að leggja á sig mikla vinnu til að stuðla að framgöngu mikilvægra mála sem tengjast betri og faglegri stjórnarsýslu og réttindum forstöðumanna. Þótt að ýmislegt hafi áunnist á þeim sviðum undanfarin ár er enn á brattann að sækja og sífellt þarf að vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess að stunda fagleg vinnubrögð og að farið sé að lögum í stjórnarsýslunni. Enn er það því miður stundum svo að umfjöllun um opinberan rekstur á Íslandi er afar yfirborðskennd þar sem annan daginn er talað um þörf er á að hagræða og fækka opinberum starfsmönnum en hinn daginn að opinberar stofnanir eigi að standast ítrustu kröfur og tryggja öryggi og velferð okkar t.d. þegar kemur að heilbrigðisþjónustu, löggæslu, umferðaröryggi, netöryggi, sóttvörnum, matvælaöryggi, flugöryggi og menntun. Við breytingar á opinberum rekstri er vænlegt til árangurs að leita upplýsinga og treysta þeim sem best til þekkja sem oft eru starfsmenn og stjórnendur.

Starfið í Félagi forstöðumanna ríkisstofnana hefur undanfarin ár einkennst af kröfum um umbætur í ríkisrekstri og að stjórnvöld fari að lögum þegar kemur að kjara- og réttindamálum félagsmanna, sem hvorki hafa verkfalls- né verkfallsrétt. Þetta starf krefst bæði þolímæði og úthalds því að á endanum snýst það um að breyta hugarfari og efla þekkingu og menntun í stjórnarsýslunni. Það er mikilvægt að forstöðumenn haldi áfram að láta í sér heyra og taka þátt í að bæta kjör forstöðumanna og á sama tíma bæta íslenska stjórnarsýslu.

„Ég undirritaður hef sinnt hlutverki formanns Félags forstöðumanna ríkisstofnana í fimm ár. Á þessum tímapunkti tel ég rétt stíga til hliðar m.a. til að stuðla að eðlilegri endurnýjun í forystu FFR. Þessi ár í forystusveit FFR hafa verið afar skemmtileg, fræðandi og gefandi og vil ég koma á framfæri kæru þakklæti fyrir allt það traust og stuðning sem mér, stjórn og starfskjaranefnd hefur verið sýnt á þessum tíma „

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana
Magnús Guðmundsson formaður FFR*

Viðauki

Námskeið og morgunverðarfundir í samvinnu Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslu og stjórn mála

2014:

24. janúar 2014. Nýsköpun í Opínberum rekstri. Afhending nýsköpunarverðlauna. Hádegisverðarfundur haldinn á Grand Hótel

11. mars 2014. Áherslur í opínberum rekstri. Morgunverðarfundur, framsögumenn Vigdís Hauksdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

2013:

31. janúar 2013. Morgunverðarfundur: Hvernig má efla liðsheild og starfsanda á erfiðum tímum? Nokkur ráð til stjórnenda um árangursríkar leiðir.

Haldið á Grand hótél Reykjavík Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur, Ólafur Hauksson sérstakur saksóknari og Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri LSH fjölluðu um árangursríkar leiðir til að styðja við starfsfólk og stuðla að aukinni samstöðu, samvinnu og starfsánægju þess á erfiðum tímum. Fundarstjóri var Sveinn Margeirsson, forstjóri MATÍS.

4. mars 2013. Hádegisverðarfundur: Framtíð opínberrar þjónustu.-Alþjóðlegir straumar, reynsla annarra þjóða, ráðleggingar um áherslur og úrlausnarefni.

Haldið á Grand hótél Reykjavík í samvinnu við forsætisráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Aðalræðumaður var Rolf Alter forstöðumaður opínberrar stjórnsýslu hjá OECD. Í pallborði voru Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Ómar H. Kristmundsson prófessor og Magnús Guðmundsson formaður Félags forstöðumannaríkisstofnana. Fundarstjóri var Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.

10. apríl 2013. Morgunverðarfundur: Grænn opínber rekstur.-Hversu vistvænn er opínber rekstur nú? Hvert skal stefna?

Haldinn á Grand hótél Reykjavík í samstarfi við umhverfis-og auðlindaráðuneytið, fjármála-og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Á fundinum voru m.a. kynntar nýjar rannsóknaniðurstöður um hversu vistvænn rekstur opínberra stofnana er, kynning á

nýrri stefnu um grænan ríkisrekstur og fjárhagslegan og faglegan ávinning af vistvænum aðferðum í opinberum rekstri. Framsögumenn voru Svandís Svavarsdóttir umhverfis-og auðlindaráðherra, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, skrifstofustjóri í umhverfis-og auðlindaráðuneytinu, Birna Helgadóttir, verkefnisstjóri umhverfis-og samgöngumála hjá LSH, Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri umhverfis-og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar og Sigurpáll Ingibergsson, gæðastjóri rekstrarsviðs ÁTVR. Pallborð með þátttöku frummælenda auk Halldórs Ó. Sigurðssonar forstjóra Ríkiskaupa þar sem umræðuefnið var staða og næstu skref til græns opinbers rekstrar. Fundarstjóri var Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins

24. apríl 2013. Morgunverðarfundur: Markvissar umbætur í opinberum rekstri – leið til betri árangurs. Betri árangur og aukin gæði með notkun CAF-líkansins (Common Assessment Framework)

Fundur haldinn á Grand hótél Reykjavík. Í samstarfi við fjármála-og efnahagsráðuneytið og Félagforstöðumanna ríkisstofnana. Katrín Júlíusdóttir, fjármála-og efnahagsráðherra flutti ávarp og opnaði fundinn. Erindi héldu Pétur Berg Matthíasson, sérfræðingur í fjármála-og efnahagsráðuneytinu, Haraldur Hjaltason framkvæmdastjóri Artemis, Elísabet Dolinda Ólafsdóttir, gæðastjóri hjá Geislavörnum ríkisins og Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Fundarstjóri var Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

7. október 2013. Morgunverðarfundur: Fjárlagafrumvarpið 2014 og staða ríkisfjármála - Hvaða breytingar eru framundan í opinberum rekstri

Haldið á Grand hótél í samstarf við fjármála-og efnahagsráðuneytið og Félagforstöðumanna ríkisstofnana. Bjarni Benediktsson, fjármála-og efnahagsráðherra ræddi fjárlagafrumvarpið 2014, stöðu og horfur í ríkisfjármálum og áform ríkisstjórnarinnar um áherslubreytingar í ríkisrekstri. Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Stjórnfræðideild HÍ og Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka brugðust við ræðu fjármála-og efnahagsráðherra og lögðu fyrir hann spurningar. Fundarstjóri var Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.

19. nóvember 2013. Morgunverðarfundur: Sameining og endurskipulagning ríkisstofnana - Bestu aðferðir við undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni sameiningar og samþættingu mannauðs.

Haldinn á Grand hótél Reykjavík í samvinnu við fjármála-og efnahagsráðuneytið, Ríkisendurskoðun, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Félag stjórnsýslufræðinga. Á fundinum ræddi Sigurður Helgi Helgason, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnunar og umbóta hjá fjármála-og efnahagsráðuneytinu um áform um sameiningar ríkisstofnana

og hvernig staðið verði að undirbúningi og framkvæmd þeirra og stuðningi við forstöðumenn viðkomandi stofnana frá hendi stjórnarráðsins. Kristín Kalmanndóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar fjallað um hvaða lærdóm má draga af úttektum stofnunarinnar um sameiningu stofnana. Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins ræddi um þá áskorun að sameina heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið í eitt ráðuneyti og Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri ræddi árangursríka sameiningu embætta ríkisskattstjóra og níu skattstjóra víða um land í eitt, embætti ríkisskattstjóra þar sem aðferðir mannauðsstjórnunar voru lykillinn að árangri.